

Skýrsla stjórnarformanns 2012

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 11. mars 2011 hefur stjórn SAM haldið 7 bókaða fundi, þar af einn símafund.

Meðal verkefna sem stjórn SAM hefur unnið að frá síðasta aðalfundi var skipan fulltrúa í Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins, en skipuð voru fyrir hönd SAM þau Pálmi Vilhjálmsson og Guðrún Sigurjónsdóttir og til vara Egill Sigurðsson.

Þá var skipað í Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins, en af hálfu SAM voru skipaðir Guðni Ágústsson, Björn S. Gunnarsson og Baldur Jónsson og af hálfu LK var Baldur H. Benjamínsson skipaður í nefndina. Stjórn SAM tilnefndi Bjarna Ragnar Brynjólfsson sem fulltrúa sinn á aðalfund IDF sem haldin var í Parma á Ítalíu í október 2011.

SAM gerði tillögu um greiðslumark mjólkur verðlagsárið 2012 og fjallaði um mjólkuruppgjör ársins 2011.

Auk ofangreindra verkefna var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu (þar með talinn útflutningur) og birgðir mjólkurvara.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2011

Mjólkurframleiðsla jókst á árinu 2011 og var hjá aðildarfélögum SAM 124,5 milljónir lítra en árið 2010 var framleiðslan 123,1 milljónir og aukning frá fyrra ári er 1,1%.

Meðalinnvigtun mjólkurinnleggjenda 2011 var 183.229 lítrar og jókst um 2.880 lítra á árinu. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 681 og hafði fækkað um tvo á árinu.

Greiðslumark verðlagsársins 2011 var 116 milljónar lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 124.462.110 lítrum og umframjólk var 8.627.142 lítrar.

Greiðslumark verðlagsársins 2012 hefur verið ákveðið samkvæmt tillögu SAM 114,5 milljónir lítra.

Sala mjólkurvara árið 2011 verður að teljast góð miðað við þær aðstæður sem uppi eru í þjóðfélaginu, en heildarsala dróst lítillega saman. Umreiknuð sala á próteingrunni nam 113,7 milljónum lítra sem var 0,88 % samdráttur frá síðasta ári. Umreiknuð sala á fitugrunni var 111,5 milljónir lítra, sem var 0,75 % aukning frá fyrra ári. Sala á fitugrunni árið 2011 var því 2,2 milljónum lítra undir sölu á próteingrunni og minnkaði munurinn um 1,8 milljónir lítra á árinu. Haldi sama þróun áfram verður sala á fitugrunni meiri en sala á próteingrunni árið 2013.

Innflutningur mjólkurafurða fór minnkandi árin 2008-2010 en nú virðist sem þróunin sé að snúa við og innflutningur jókst um 10 tonn árið 2011. Aukningin var í innflutningi jógúrts og innflutningur reiknast á próteingrunni um 1,5 milljónir lítra, sem er óbreytt magn frá árinu 2010.

Útflutningur á fituhluta jókst um 6,3 % á árinu 2011 og nam 11,9 milljónum lítra. Útflutningur á próteinhluta jókst um 23,5 % og nam 10,7 milljónum lítra. Mestu munar, hvað próteinhlutann varðar, að útflutningur skýrs jókst um 150 % milli ára og var 380 tonn árið 2011.

Þá var í fyrsta skipti í mörg ár fluttur út Gouda 26 % ostur, 130 tonn.

FRAMLEIÐENDAPJÓNUSTA

Á vegum SAM starfa þrír mjólkureftirlitsmenn en þar urðu þær breytingar á árinu að Gunnar Kjartansson, sem starfað hefur á Suðurlandi, lét af störfum vegna aldurs og í hans stað var ráðinn Steinþór Guðjónsson.

RANNSÓKNARSTOFA SAM

Leit og tegundagreining júgurbólgugerla hefur verið unnin með ræktun fram til þessa, vinnsla hvers sýnis tekur 1-3 daga eftir komu á rannsóknarstofu. Ný greiningartækni sem byggir á erfðatækni og býður upp á greiningu sem tekur 4 klukkustundir frá móttöku sýnis var kynnt starfsmönnum SAM á árinu, umrædd greiningartækni er samkvæmt upplýsingum stjórnar mun næmari og greinir e.t.v. gerla sem ekki eru nógu öflugir til að greinast með eldri aðferð.

Stjórn SAM hefur nú falið starfsmönnun sínum að afla upplýsinga um kaupverð og rekstrarkostnað slíkra tækja með hugsanleg kaup í huga.

Rekstur rannsóknarstofu gekk að öðru leyti fram með hefðbundnum hætti og á árinu og vísast þar um síðar í ársskýrsluna.

Febrúar 2012

Erlingur Teitsson stjórnarformaður